



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@mvv.is](mailto:sveitarstjorn@mvv.is)

## **Fundargerð Veitnanefndar 8.fundur**

Fundur að Hlíðavegi 6, 18. jan. 2005.

kl. 11:00

Mættir: Áslaugur Haddsson, Kristján Steingrímsson og Yngvi Ragnar Kristjánsson.  
Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **1. Greiðslur fyrir rekstur og viðhald Varmaskiptastöðvar Skútustaðahrepps árið 2005.**

Í upphafi þessa árs barst skrifstofu Skútustaðahrepps bréf Landsvirkjunar dags. 20. des. 2004 þar sem sett er fram áætlun um kostnað vegna rekstrar og viðhalds Varmaskiptastöðvar 2005.

Í 5. gr. samnings Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjahlíðar er gert ráð fyrir að Landsvirkjun sendi áætlunina “í síðasta lagi í lok spetember.” Nokkur dráttur hefur því orðið á að áætlunin sé gerð.

Veitnanefnd telur nokkuð í lagt samkv. tölulið 1, kostnaður vegna eftirlits og viðhalds, en Landsvirkjun gerir ráð fyrir 204 klst. á kr. 3.400, samtals kr. 693.600- Veitnanefnd telur eðlilegt að daglegt eftirlit nemi um 10 mín á dag sem gerir um 61 klst. á ári og greiddar verði kr. 1.800 fyrir hverja klst. Kostnaður á ári vegna þessa þáttar nemi því kr. 109.800-

Þá telur veitnanefnd eðlilegt að til daglegs viðhalds fari um 80 klst. og greiddar verði 2.500 kr. fyrir hverja klst. og nemi árskostnaðurinn því 200.000- kr.

Landsvirkjun sendi enn fremur lista yfir viðhaldsverkefni í Varmaskiptastöð. Nefndin mun kynna sér þau mál nánar á næstunni og senda Landsvirkjun svör í kjölfar athugunarinnar.

Fleira ekki gert,  
fundir slitið  
Áslaugur Haddsson,  
Kristján Steingrímsson,  
Yngvi Ragnar Kristjánsson